



Veðurstofa Íslands

Visindi á vakt

# Þrumuveðrið 5. febrúar 2025

Þórður Arason, Veðurstofu Íslands

Myndb. Hákon Örn Helgason 5. febrúar 2025 kl. 18:04

Þorraping Veðurfræðifélagsins, Reykjavík, 18. febrúar 2025



# Niðursláttur eldingar í Hallgrímskirkju

Hákon Örn Helgason náði myndbandi af eldingarniðurslætti í Hallgrímskirkjuturn.  
Samkvæmt upplýsingum frá Háconi Erni var myndbandið tekið kl. 18:04

Klukkan 18:04:56 eru skráð í Leela-mælikerfið tvö leiftur með 40 ms millibili. Þetta er væntanlega sama eldingin, með tveimur leiftrum eða greinum:


Dagsetning og tími	Nr	Breidd (°N)	Lengd (°V)	Óvissa (km)	Gæði (G=Góð)	
2025-02-05_18:04:56.6754230	242	63.965	21.956	19.48	G -	19.7 km í S frá H.kirkju
2025-02-05_18:04:56.7149700	239	64.035	22.160	54.07	G -	16.4 km í SV frá H.kirkju
Meðalstaðsetning	-	64.000	22.058		-	17.0 km í SSV frá H.kirkju
Hallgrímskirkjuturn		64.14191	21.92678			

Eldingin virðist ekki hafa valdið miklu tjóni.

# Rauðar veðurviðvaranir

Vegna vinds, tóku gildi 5. febrúar 2025 kl. 16:00

Viðvaranir



# Eldingamælikerfi bresku veðurstofunnar

Veðurstofan hefur aðgang að mæligögnum

Samstarf VÍ og UKMO um rekstur mælistöðvar á Keflavíkurflugvelli frá 2001

Eldingamælikerfið hefur þróast og næmni aukist

- Sferics 1998 – 2007
- ATDnet 2007 – 2024
- Leela 2022 –



# Prumuveðrið 5. febrúar 2025

Langmesta vetrarprumuveður á Íslandi frá upphafi mælinga 1998

Fjöldi eldinga innan Íslandsramma (63-67° N, 13-25° V)

Priðja mesta þrumuveður á Íslandi fyrir utan Grímsvatnagos 2011:

- 2019-07-29      1181
- 2013-07-28      824
- 2025-02-05      683

Langmesta vetrarþrumuveðrið:


- 2025-02-05      683 (alls 921 í veðrinu)
- 2013-01-27      273
- 2023-12-15      269

Eldingum laust niður í rafmagnslínur víða um land og olli rafmagnstruflunum og mislöngu rafmagnsleysi: Sogslína 3, Búrfellslína 3, Mjólkárslína, Glerárskógarlína, Lækjartúnslína, Selfosslína, Breiðadalslína, Flúðalína.

Víða varð rafmagnslaust: Bolungarvík, Vesturbyggð, Búðardalur, Helgafellssveit, Borgarfjörður. Sumt var vegna brotinna rafmagnsstaura, en einnig vegna niðursláttar eldinga. Rafmagnsleysið hafði einnig áhrif á símkerfi, sjónvarps- og útvarpsendingar.



Mikið foktjón varð á Austfjörðum þegar illviðrið gekk þar yfir síðar um kvöldið. Vegum var víða lokað.

# Prumuveðrið 5. febrúar 2025 kl. 13:23 – 20:34








# KI. 13:00





# KI. 14:00




# KI. 15:00





# KI. 16:00



# KI. 17:00





# KI. 18:00






# KI. 19:00




# KI. 20:00







# KI. 21:00



# Breiddargráða með tíma







# Fjöldi eldinga á hverjum 10 mín



# Próun veðursins á nokkrum kortum





- Staðsetning eldinga:  $\pm 10$  mín (UKMO: Leela)
- Stöðugleiki lofts: Veltimætti og eldingaábendi (UWC/IG)
- Spálíkan: Vindur í 10 m hæð (UWC/IG)
- Veðursjármynd: Hámarksendurkast (iskef)

# KI. 16:00









# KI. 17:00







# KI. 18:00









# KI. 19:00









# KI. 20:00



# Hversu vel var þrumuveðri spáð


- Þrumuveðrinu var spáð með nokkurra daga fyrirvara (UWC/IG & DINI)
  - Réttur staður og réttur tími
- Þó var einnig spáð þrumuveðri víða annars staðar þar sem ekkert gerðist

# KI. 18:00







# DINI – 5. feb kl. 18:00 +60h



# DINI – 5. feb kl. 18:00 +54h




# DINI – 5. feb kl. 18:00 +48h






# DINI – 5. feb kl. 18:00 +42h




# DINI – 5. feb kl. 18:00 +36h






# DINI – 5. feb kl. 18:00 +12h



# DINI – 5. feb kl. 18:00 +6h



Mikið þrumuveður gekk yfir vestanvert Ísland eftir hádegi 5. febrúar 2025 og náði hámarki um kl. 18:00, oft með yfir 10 skráðum eldingum á mínútu.

Eldingum laust niður í rafmagnslínur víða um land og olli rafmagnstruflunum og mislöngu rafmagnsleysi. Rafmagnsleysið hafði einnig áhrif á símkerfi, sjónvarps- og útvarpssendingar.

Myndband náðist af eldingarniðurslætti í Hallgrímskirkju kl. 18:04, en algengt er að kirkjuturnar verði fyrir barðinu á eldingum.

Fjöldi eldinga í veðrinu var sá þriðji mesti sem mælst hefur frá upphafi samfelldra mælinga 1998 og sá mesti í vetrarþrumuveðri. Alls mældist 921 elding í veðrinu og voru 683 þeirra innan sk. Íslandsramma.

Þrumuveðrinu var spáð með nokkurra daga fyrirvara, en hækkuðu eldingaábendi virðist oft einnig spáð þar sem ekkert gerist.



## Þrumuveðrið 5. febrúar 2025

Pórður Arason, Veðurstofu Íslands

Sunnanillviðri gekk yfir Ísland síðdegis miðvikudaginn 5. febrúar 2025. Með skilunum kom mikið þrumuveður yfir suður og vestuhluta landsins. Eldingar mældust fyrst um 400 km suðvestan við Ísland kl. 13:23, svo komu þær nær landinu. Frá kl. 13:23 til 20:34 mældist 921 elding og voru 683 þeirra innan Íslandsramma (63-67°N, 13-25°V). Þrumuveðrið náði hámarki rétt fyrir kl. 18:00, oft með yfir 10 skráðum eldingum á mínútu.

Í gegnum samstarf við bresku veðurstofuna, UK Met Office, um rekstur eldingamælistöðvar á Keflavíkurflugvelli hefur Veðurstofa Íslands haft aðgang að samfelldum eldingamæligögnum Bretanna frá 1998. Breska mælikerfið hefur þróast á þessum árum og nú er þriðja kynslóð mælitækja í notkun, og kerfið kallað Leela. Með þróun kerfisins hefur næmni aukist, þannig að fleiri eldingar mælast í hverju veðri. Því eru eldingamæligögnin ekki einsleit í gegnum árin.

Fyrir utan mældar eldingar í Grímsvatnagosi 2011 telst þrumuveðrið 5. febrúar 2025 þriðja mesta þrumuveðrið á Íslandi frá 1998, og langmesta vetrarþrumuveðrið á þessu tímabili. Í erindinu verða gögn úr þrumuveðrinu skoðuð og borin saman við mælingar með veðursjá í Keflavík og veðurspálíkön, m.a. veltimætti og eldingaábendi í spám. Þrumuveðrinu var ágætlega spáð með nokkurra daga fyrirvara, en hækkuðu eldingaábendi virðist oft spáð án þess að þrumuveður fylgi.